

20 NOV 2015 23.0  
Varmárskóli, 16. nóvember 2015.

### Áskorun til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar:

Í Varmárskóla er starfandi virk umhverfisnefnd. Bæði kennrar og nemendur funda reglulega enda er Varmárskóli Grænfánaskóli. Skólinn er vel staðsettur hvað útikennslu snertir. Varmá og ævintýragarður í næsta nágrenni, fjöll og fjara. Útieldhús, garðlönd og garðkofi gegna stóru hlutverki í þessu uppbyggilega starfi.

Þegar vegur var lagður frá skólanum niður að útieldhúsinu þurfti að taka upp nokkur stór og stæðileg grenitré. Þau voru tekin með gröfu og sett með rótarhnaus til hliðar. Þær standa þau enn og munu smámsaman veslast upp. Þær fara talsverð verðmæti forgörðum. Þessi trú myndu koma vel að gagni fyrir austan útieldhúsið til að skapa þær meira skjól. Það vantart bara menn og vélar til að koma því í framkvæmd. Auk þess er Skógræktarfélag Mosfellsbæjar tilbúið að gefa trú til verkefnisins.

Garðlöndin austan við skólann höfum við undanfarin ár nýtt til kartöfluræktar með nemendum og náum við að setja niður kartöflurnar rétt áður en sumarfríið byrjar og taka þær upp í upphafi skólaárs. Það að kenna nemendum garðrækt teljum við mjög uppbyggjandi, gefandi og í anda sjálfbærrar þróunar sem er ein af grunnstoðum menntunar. Þannig væri mjög æskilegt að áhugasöm börn gætu fengið tækifæri yfir sumartímann að rækta grænmeti undir handleiðslu fagfólks og gætu ungmenni í sumarvinnu vel aðstoðað við þetta. Við óskum eftir því að tilraun verði gerð með skólagarðana í boði bæjarins yfir sumartímann frá og með næsta sumri.

Síðastliðið vor átti sá sorglegi atburður sér stað að útikennslustofan varð að miklu leyti eldi að bráð ásamt gögnum, kennsluefni og jafnvel persónulegum munum kennara. Starf margra ára var lagt í rúst. Seint verður það tjón bætt. Nú vildum við gjarnan fá aðstoð frá bænum hvað enduruppbyggingu og viðhald útikennslusvæðis varðar þannig að starf okkar þær geti haldið áfram.

Við æskjum þess að fá fljótega fund fyrir starfsmenn skólanna um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Við skorum á bæjarstjórn Mosfellsbæjar að styrkja umhverfismál Varmárskóla með markvissum hætti og auknu fjármagni.

Umhverfisnefnd Varmárskóla

(Afrit sent á Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar)